

Reykjavík 2. mars 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun og um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Evrópusamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun og um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum og þeirri miklu vinnu sem hefur verið lögð í það. Samtökin hafa frá því samningur Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun **var** undirritaður lagt mikla áherslu á fullgildingu hans. Samtökin vona að fullgildingin taki sem skemmstan tíma í meðförum stjórnvalda.

Samtökin fagna ákvæðum frumvarpsins sem lúta að því að fyrningarfrestur skuli ekki hefjast fyrir en barn hefur náð 18 ára aldri. Jafnframt þeim nýmælum að tæling á netmiðlum skuli gerð refsiverð, ákvæði um barngervingu og refsíákvæði varðandi þátttöku barna í sýningum af kynferðislegum toga.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja hér ítreka þá grundvallarreglu barnaréttarins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru. Samtökin leggja áherslu á 2. gr. sáttmálans um jafnræði allra barna og bann við mismunun. Í því samhengi fagna samtökin því að það skuli gert refsivert á Íslandi þegar íslenskir ríkisborgarar falast eftir börnum í kynferðislegum tilgangi á ferðum sínum erlendis (1. gr. frumvarpsins). Samtökin telja jafnframt mikilvægt að í hegningarlögum sé kveðið á um ábyrgð þeirra sem halda úti ferðapjónustu sem beinist að kynferðislegri misnotkun barna og spillingu barna og með því að valda því vísitandi að börn verði vitni að kynferðislegu efni eða athöfnum. Mjög mikilvægt er að koma upp eftirlitskerfi hvað þetta varðar og ábyrgð ferðaskrifstofa og söluaðila ferða þarf einnig að vera tilgreind.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja hér koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun og um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum:

1. Athugasemd við 20. gr.samningsins – Brot sem varða barnaklám og 6.gr. frumvarpsins.

Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Í samningnum segir að hugtakið „barnaklám“ merki *hvert það efni sem sýnir barn í raunverulegum athöfnum eða hermiathöfnum, sem greinilega eru kynferðislegar, eða hvers konar myndræna framsetningu á kynfærum barns sem hefur fyrst og fremst kynferðislegan tilgang.*

Barnaheill - Save the Children Íslandi leggja áherslu á að ef myndefni sýnir barn á kynferðislegan hátt, jafnvel þó að ekki sé um eiginlegar athafnir að ræða hjá barninu, þá sé það brot gegn barninu og skuli flokkast sem ofbeldi gegn barni eða „barnaklám“. Dæmi um slíkt gæti verið klæðnaður barnsins eða að myndin sé sett í kynferðislegt samhengi.

Samtökin leggja jafnframt til að orðið „barnaklám“ sé ekki notað, heldur sé talað um myndefni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt eða beitt kynferðisofbeldi. Myndefni sem sýnir börn á kynferðislegan hátt er í öllum tilfellum ofbeldi gegn því barni sem í hlut á. Barnið hefur verið beitt ofbeldi við framleiðslu á efninu og verður fyrir síendurteknu ofbeldi þegar efnið er skoðað. Mjög erfitt og jafnvel ógerlegt er að uppræta slíkt efni og fylgir það barninu um ókomna tíð. Mikilvægt er að stuðla að því með öllum mögulegum aðferðum að loka á slíkt efni og að opinberir aðilar leggi sitt af mörkum til að uppræta það með öllum mögulegum tæknilegum leiðum á hverjum tíma. Jafnframt er mjög mikilvægt að í barnaverndarlögum sé kveðið á um aðstoð og stuðning við fórnarlambið.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi eru sammála þeirri breytingu sem getið er í 6. gr. frumvarpsins a og b:

- Að skoðun á efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt skuli refsiverð.
- Að ráða barn til að taka þátt í nektar- eða klámsýningu og að sækja slíkar sýningar skuli refsivert.
- Að það skuli vera refsivert að að einstaklingar 18 ára og eldri séu sýndir á kynferðislegan hátt í hlutverki barns svo og sambærilegar teiknimyndir eða sýndarmyndir.

Samtökin leggja áherslu á að aldrei skuli tengja barn eða það sem barnslegt er við neitt sem er kynferðislegt.

2. Athugasemd við 23. gr. samningsins– Falast eftir börnum í kynferðislegum tilgangi og 4. gr. frumvarpsins.

Í 23. gr. samningsins segir: *Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að lýsa refsivert vísvitandi tilboð fullorðins manns, með tilstyrk upplýsinga- og fjarskiptatækni, um að hitta barn, sem hefur ekki náð þeim aldri sem ákvarðaður er við beitingu 2. mgr. 18. gr., í þeim tilgangi að fremja eitthvert það brot gegn því sem lýst er refsivert skv. a-lið 1. mgr. 18. gr. eða a-lið 1. mgr. 20. gr., ef tilboðinu hefur verið fylgt eftir með eiginlegum athöfnum sem leiða til fundar þeirra.*

Í 4. gr. frumvarpsins segir: *Hver sem með samskiptum á netinu eða annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni mælir sér mót við barn yngra en 15 ára í því skyni að hafa við barnið samræði,*

önnur kynferðismök eða til að áreita það kynferðislega á annan hátt skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi telja að tilboðið sem slíkt (tælingin) skuli vera refsiverð jafnvel þó að því hafi ekki verið fylgt eftir með eiginlegum athöfunum eða leitt til fundar.

Tæling á netmiðlum getur verið langt ferli sem hefur miðað að því að brjóta niður sjálfstraust barnsins og fá það síðan til að framkvæma kynferðislegt tal eða athafnir í gegn um upplýsinga- eða fjarskiptatækni. Slíkt er ofbeldi gegn barninu og ætti að vera refsivert. Tæling getur haft alvarleg áhrif á brotþola og ætti því að geta aukið á saknæmi skv. 24. gr sammingsins.

Samtökin leggja til að í 202. gr. laganna (skv. 4. grs frumvarpsins orðist svo: *Hver sem með samskiptum á netinu eða annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni **tælir barn til kynferðislegra athafna í gegn um fjar- eða annan samskiptabúnað eða framkvæmir kynferðislegar athafnir eða tal við barn og eða mælir sér mót við barn yngra en 15 ára í því skyni að hafa við barnið samræði, önnur kynferðismök eða til að áreita það kynferðislega á annan hátt skal sæta fangelsi allt að 2 árum.***

3. Athugasemdir við VII. kafli kafli sammingsins; Rannsókn, saksókn og réttarfarsreglur:

4. 30. grein. sammingsins- Málsmeðferð

Barnaheill- Save the Children á Íslandi taka undir meginreglurnar sem taldar eru upp í 30. gr. og leggja áherslu á mikilvægi þess að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að við rannsókn brota og dómsmeðferð þeirra sé tekið mið af hagsmunum og réttindum barnsins.

5. 35. gr. sammingsins– Viðtöl við barnið.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi taka undir það sem fram kemur í greininni. Samtökin leggja áherslu á að allir dómsstólar nýti sér Barnahús við skýrslutökur af börnum. Það er í samræmi við athugasemdir Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ágúst Þórðarson,
framkvæmdastjóri